

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/1295*  
*komudagur 18. 3. 2009*

Nefndarsvið Alþingis  
B.t. Slgrún Helga Sigurjónsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars, 2009

**Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.**

## **I. Almenn**

Vísað er til erindis háttvirtar Efnahags- og skattanefndar Alþingis dagsett 13. mars 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.

FÍS telur að tilgangur frumvarpsins sé virðingarverður og tekur undir að mikilvægt sé að koma í veg fyrir að þjóðhagslega mikilvægur rekstur raskist eða leggist af. FÍS telur hins vegar að umrætt frumvarp missi nokkuð marks í þeim aðferðum sem það beitir.

## **II. Ábendingar**

### **Almenn**

Í upphafi er vert að benda á að í 1. gr. frumvarpsins vantar heimið til að kaupa umrædd hlutabréf. Þá er einnig réttara að kveðið sé á um hlutverk félagsins en ekki illa skilgreind markmið þess. Með hliðsjón ef meginreglu íslenskrar stjórnskipunar um lögbundna stjórnarsýsiu verður að telja mikiilvægt að slíkt sé gert. Hentugra væri því að greinin væri svohljóðandi:

*„Fjármálaráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem hefur það hlutverk að kaupa, eiga, endurskipuleggja og selja þjóðhagslega mikilvæg atvinnufyrirtæki í samræmi við tilgang þessara laga.“*

### **Yfirtaka á gjaldþrota félögum**

Eins og áður segir telur FÍS að markmið frumvarpsins sé ágætt. Félagið telur aftur á móti að því markmiði megi ná með hagkvæmari og einfaldari hætti.

Með kaupum ríkisins á umræddum félögum verða þau opinber hlutafélög í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Þau félög sem mögulega yrðu keypt af ríkinu hafa á síðustu árum safnað gríðarlegum skuldum. Í ljósi þess að félögin eru gjaldþrota koma aðeins takmarkaðar eignir á móti þessum skuldum. Við kaup ríkisins á slíku félagi er ríkið orðið eigandi þessara skulda og umræddra eigna.

Íslenska ríkið mun því samkvæmt því sem lagt er til í frumvarpinu fara út í kaup á félögum sem eru í raun eru gjaldþrota. FÍS telur slíkt vera afar óeðlilegt.

Um áráraðir hafa félög orðið gjaldþrota hér á landi án telandi vankvæða. Íslenskur skiptaréttur hefur mótast um áráraðir og eru reglur hans nokkuð skýrar. Ef félög eru í heilbrigðum rekstri er það í flestum tilfellum þannig að rekstur umræddra félaga heldur áfram þrátt fyrir að þau séu tekin til skipta. Umræddur rekstur er svo alla jafna seldur út úr þrotabúinu og andvirði sölunnar kemur til skipta milli kröfuhafa. Umræddur rekstur heldur svo áfram í höndum nýrra eigenda. Í ljósi þess að sá rekstur sem hér um ræðir er þjóðhagslega mikilvægur verður að teija að í honum séu fóigin ákveðin verðmæti. Það er því ljóst að rekstrinum yrði haldið áfram af skiptastjóra.

FÍS telur því réttara að heimila hinu opinbera félagi að kaupa rekstur af þrotabúum en ekki að yfirtaka hið gjaldþrota félag í heild sinni.

FÍS leggur fram eftirfarandi hugmynd að nýrri 1. gr. frumvarpsins:

*„Fjármálaráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem hefur það hlutverk að kaupa, eiga, endurskipuleggja og selja þjóðhagslega mikilvægan rekstur sem raunveruleg hættu er á að leggist af án aðkomu félagsins.“*

### **III. Meinbugir á lögum**

FÍS er þeirrar skoðunar að styrkja þurfi þá ferla sem til staðar eru í samfélaginu í stað þess að finna upp nýja. Þar á meðal er þörf á því að styrkja ákveðna þætti í íslenskum skiptarétti og viðskiptalöggjöf með það fyrir sjónum að treysta viðskiptaöryggi, gagnsæi og fyrirsjáanleika í viðskiptum.

Ríkjandi efnahagsástand hefur nýlega opinberað nokkra meinbugi á þeim lögum sem ætlað er að vernda kröfuhafa og treysta öryggi í viðskiptum. Vísar FÍS þar m.a. til kennitöluflakks, eignarréttarfyrirvara sem ekki halda, óeðlilegrar skiptingu þrotabúa, undanskot eigna o.fl. í þeim dúr sem er í verulegum ólestri. Í ríkjandi lagaumhverfi virðast skuldarar, með næsta auðveldum hætti, geta komið eignum sínum undan skiptum auk þess sem að stærri kröfuhafar geta niðst á þeim smærri í krafti stærðar sinnar. Þetta er auðvitað allsendis ótækt og í hrópandi ósamræmi við góða viðskiptavenju og viðskiptaöryggi almennt.

Gegnsæjar og ígrundaðar leikreglur eru hornsteinninn að virku viðskiptasiðferði og réttlátu samfélagi. Í náinni framtíð eru stóraukin gjaldþrot fyrirtækja og skipti á þrotabúum þeirra óumflýjanleg staðreynd. Með því að breyta umræddum lögum strax mætti sína þá fyrirhyggju sem einkennir góða lagasetningu. Þar með mætti bjarga gríðarlegum verðmætum og koma þeim í réttar og traustar hendur.

Ef umræddur lagagrundvöllur er í lagi er engin ástæða til að ætla annað en að þjóðhagslega mikilvægur rekstur haldi áfram þrátt fyrir áföll einstakra fyrirtækja.

FÍS tekur einnig undir þau sjónarmið sem komið hafa fram um að huga þurfi að samkeppnislögum í núverandi árferði. Fákeppni og hringamyndun er meðal þess sem leiddi þjóðina í þær ógöngur sem hún er í. Það væri óheppilegt ef tækifæri til að vinna gegn slíkum ófögnuði gengi þjóðinni úr greipum.

#### **IV. Annað**

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt



---

Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl.  
Lögfræðingur Félags Íslenskra Stórkaupmanna



– fyrir íslenska verslun